

Magnús Sigurjón Jónsson bifreiðastjóri

Afhending 2011/64 a

Magnús Jónsson fæddist á Akureyri 14. desember 1909, lést 29. nóvember 1992. Foreldrar hans voru Jónína Magnúsdóttir og Jón Jóhannesson. Magnús bjó á Akureyri og þar af mest af ævi sinni í innbæ Akureyrar. Um 15 ára aldur var hann á vertíð í Vestmannaeyjum, en eftir dvölinu í Eyjum fór hann að keyra vörubíla.

Magnús keyrði vörubíla fyrir Kaupfélag Eyfirðinga en síðar stofnaði hann ásamt fleirum Nýju bílastöðina. Nýja bílastöðin fékk síðar nafnið Stefni. Á þeim 50 árum sem hann keyrði vörubíla fyrir Stefni vann hann meðal annars við vegagerð. Og kom að lagningu margra vega hér á landi.

*Snemma kom í ljós kraftur og dugnaður afa, því aðeins 15 ára gamall fór hann einn síns liðs á vertíð í Vestmannaeyjum. Dugnaðurinn var því einkennandi fyrir hann og 11 árum seinna þegar hann giftist ömmu Eufemíu og þau fóru í brúðkaupsferð á heimaslóðir hennar, kom í ljós að Eggert bróðir ömmu hafði verið á sama tíma og afi í Vestmannaeyjum og mundi hann þá eftir þessum atorkupilti frá Akureyri úr öllum þeim fjölda sem á vertíðinni höfðu verið (Magnús, Hrafnkell, Ásthildur, Ebba og Ranghildur, Minningagrein, Morgunblaðið 4. desember 1992).*

Magnús var kvæntur Eufemíu Ólafsdóttir (1909-1981). Magnús og Eufemía eignuðust þrjú börn og bjuggu þau alla tíð í Aðalstræti 69 á Akureyri.

Afhendingaraðili er Amtsbókasafnið á Akureyri.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

3. júní 2019

Kristín María Hreinsdóttir

Skjalavörður

# Héraðsskjalasafnið á Akureyri

## Geymsluskrá

Skrán.nr.	Örk	Efni	Ath.
<b>A-Magnús Jónsson</b>			<b>2011 / 64 a</b>
<b>AA-Magnús Jónsson almennt</b>		<b>1941 - 1955</b>	
2011 - AA / 1	1	1941- 1955	Keyrslubók fyrir A 302, eigandi er Magnús Jónsson bifreiðastjór (A 888).
			Er í afhendingu 2011/64 21,5X18 cm.